

Leiðbeiningar fyrir efnisval í Svansvottaðar byggingar

Uppfært mars 2025

Þetta skjal er einungis til leiðbeininga. Ætlunin með þessu skjali er að auðvelda skilning á kröfum sem snúa að efnisvali fyrir Svansvottaðar byggingar. Umsækjendum ber að fylgja kröfum í nýjstu viðmiðum Svansins um nýbyggingar og endurbætur til að öðlast Svansvottun. Þessar leiðbeiningar eru aðlagðar að viðmiðum Svansins fyrir nýbyggingar (089). Viðmið Svansins fyrir endurbætur (102) eru hins vegar mjög svipuð svo hægt er að nota þetta skjal til viðmiðunar.

Athugið að ef leiðbeiningunum ber ekki saman við textann í viðmiðum um nýbyggingar, þá gildir textinn í viðmiðunum.

Efnisyfirlit:

Vörur notaðar í Svansvottuð byggingarverkefni	3
Leyfilegar vörur:.....	3
Munurinn á Svansvottuðum vörum og skráðum vörum	3
Ábyrgð umsækjenda/leyfishafa.....	4
Upplýsingar um kröfur fyrir hvern vöruflokk.....	4
Gildissvið viðmiðanna	5
Skráningarferlið	6
Efnislistinn	7
Hvaða kröfur þurfa eftirfarandi vörur að uppfylla?	7
Orðskýringar	8
Bindi- og íblöndunarefni	8
Hleðslusteinar og fylliefni.....	9
Plötur.....	9
Einangrunarefni.....	10
Vatnspétt kerfi/dúkar, límbönd/teip og þéttiborðar	10
Bendistál og málmar.....	11
Þak- og veggjaklæðingar.....	11
Efnavörur	11

Undirgólf.....	12
Timburvörur	12
Álagsflokkað timbur.....	12
Utanhúsklæðningar úr timbri.....	13
Gagnvarið- og hitameðhöndlað timbur	13
Timbur einingar/hlutar	14
Keramikvörur.....	14
Gólfefni.....	15
Veggfóður	15
Loft- og veggjakerfi.....	16
Málingavörur	16
Viður innanhúss	17
Hurðir	17
Gluggar og glervörur.....	18
Innréttingar fyrir eldhús og bað	18
Herbergisbúnaður	19
Geymslur	19
Garðvörur	19
Burðareiningar.....	20
Húsgögn	22
Heimilistæki.....	22
Raftæki.....	22
Lampabúnaður.....	22
Raflagnavörur.....	23
Hitakerfi.....	23
Hreinlætistæki og lagnir	23
Jarðvinna	24
Stál- og pípulagnir.....	24
Blöndunartæki	24
Loftræsing.....	24
Upphitun.....	25
Forsmíðað / fjöldaframleitt.....	25
Atriði sem falla ekki undir viðmiðin	26

Vörur notaðar í Svansvottuð byggingarverkefni

Leyfilegar vörur:

Allt byggingarefni og allar efnavörur, með nokkrum undantekningum, sem nota á í Svansvottaðar byggingar þarf að vera leyfilegt. Til þess að vörur séu leyfilegar þurfa þær að falla undir einn af eftirtöldum flokkum:

1. Þær eru Svansvottaðar eða Evrópublómstvottaðar




Mynd 1: Svansmerkið



Mynd 2: Evrópublómíð

2. Þær eru skráðar í vörugátt Svansins (**SCDP**, Supply Chain Declaration Portal) sem gildir fyrir útgáfu 4 nýbyggingarviðmiðanna.



Mynd 3: Supply Chain Declaration Portal – SCDP

3. Þær falla ekki undir viðmiðin sem þýðir að það þarf ekki að fá nein gögn fyrir vöruna eða skrá hana á efnislistann (sjá lista með dæmum neðst í þessum leiðbeiningum).

Munurinn á Svansvottuðum vörum og skráðum vörum

Þegar vörur eru **Svansvottaðar** er allur lífsferillinn skoðaður, þar er t.d. lögð áhersla á orkunotkun í framleiðslu, efnanotkun, og gæðakröfur. Einnig er farið í úttektir á framleiðslustað þar sem þessi atriði eru tekin út. Svanurinn er lífsferilsmerki sem þýðir að allir helstu umhverfispættir í framleiðslunni eru skoðaðir. Svansvottuð vara er markaðstækifæri fyrir söluaðila.

Skráðar vörur í vörugátt Svansins (**SCDP**) eru vörur sem eru ekki vottaðar en hafa verið metnar gegn lágmarks kröfum í tengslum við Svansvottaðar byggingar. Í skráningunum er sóst eftir mismunandi upplýsingum frá framleiðendum eða söluaðilum en það fer eftir því um hvaða vöru er að ræða hvaða gögnum er sóst eftir. Þar er einungis skoðað hvort ákveðin efni séu í lokaafurðinni, t.d. hvort að viðbætt formaldehyð sé í vörunni o.s.frv. Þetta ferli er mun einfaldara og styttra en vottunarferlið og því mikilvægt að hafa það í huga að Svansvottaðar vörur og skráðar vörur eru *ekki* það sama og það er alltaf best að velja Svansvottaða vöru þegar hægt er í stað vöru sem er skráð í **SCDP**. Skráðar vörur í SCDP eru ekki markaðstækifæri fyrir söluaðila (sjá nánar [hér](#)).

Ábyrgð umsækjenda/leyfishafa

Tíðkast hefur að söluaðilar séu með upplýsingar um hvaða vörur hjá þeim séu skráðar inni á vörugátt Svansins og bjóða þeir þannig upp á aðstoð til sinna viðskiptavina sem vinna að Svansvottuðum byggingaframkvæmdum. Hins vegar er það alltaf umsækjandi/leyfishafi sem ber ábyrgð á því að kröfum Svansins sé framfylgt og því á þeirra ábyrgð að vera viss um að vara sé örugglega skráð í **SCDP**. Þess vegna er mikilvægt verklag fyrir umsækjendur að fletta ávalt upp vöruheitinu í vefgátt Svansins sem kallast **NEP** (stundum kölluð græna vefgáttin) áður en vara er versluð til að sjá hvort hún sé skráð.

Upplýsingar um kröfur fyrir hvern vöruflokk

Ekki eiga sömu kröfur við um alla byggingavöruflokka og því gott að vera með þessar leiðbeiningar til hliðsjónar. Áreiðanlegustu upplýsingarnar eru þó í viðmiðaskjalinu en einnig er hægt að skoða „product-matrix-gen-4.3 IS“ skjalid sem finna má á heimasíðu Svansins. Það skjal er fundið með því að fara á svanurinn.is/byggingar og ýta á eftirfarandi hnapp undir “Skráðar vörur” (sjá mynd 4):



Mynd 4: Hnappurinn til að opna Product Matrix


Þá opnast skjal með þessu sniðmáti þar sem hakað er við þær kröfur sem eiga við vörunar:

	A	D	E	F	G	H	I	J	K	L	M
1		Nýbyggingar gen 4		Choose language: English			NEP	NEP	NEP	AIO039/NEP	AIO034
2		Version 4.02 Last updated: 26.09.2023					Orkuflokkur heimisrákja	Sement og steypa	Sál framleiðsla	Ál framleiðsla	Efnavörur
3	01004	Product area	Product type	SCDP	(Hliðli) (D13)	Athugasemdir	O5	O7	O8	O9	O14 - O19
4	01001	Bíndi- og íblöndunarefni	Sement		X						X
5	01002	Bíndi- og íblöndunarefni	Bíndiefni (í steypu)	X	X	Fellur ekki undir viðmið					X
6	01003	Bíndi- og íblöndunarefni	Kalkbótar	X	X						X
7	01004	Bíndi- og íblöndunarefni	Murhúð	X	X						X
8	01005	Bíndi- og íblöndunarefni	Þurnefni	X	X						X
9	01006	Bíndi- og íblöndunarefni	Blautefni	X	X						X
10	01007	Bíndi- og íblöndunarefni	Hita- og þyrjubólín steypa	X	X						X
11	01008	Bíndi- og íblöndunarefni	Fíotefni	X	X						X
12	01009	Bíndi- og íblöndunarefni	Bíndiefni almennt	X	X	Aðeins bíndiefni					X
13	01101	Hleðslusteinar og fylliefni	Hleðslusteinar úr steypu	X	X				NEP		
14	01102	Hleðslusteinar og fylliefni	Mursteinir / sigursteinir	X	X						
15	01103	Hleðslusteinar og fylliefni	Léttsteypa	X	X						
16	01104	Hleðslusteinar og fylliefni	Hleðslusteinar úr léttsteypu	X	X						
17	01105	Hleðslusteinar og fylliefni	Hleðslusteinar	X	X						
18	01106	Hleðslusteinar og fylliefni	Hleðslustar	X	X						
19	01107	Hleðslusteinar og fylliefni	Náttúrusteinir	X	X						
20	01108	Hleðslusteinar og fylliefni	Steypurir, tígulörir og mót	X	X						
21	01109	Hleðslusteinar og fylliefni	Glersteinir	X	X						
22	01110	Hleðslusteinar og fylliefni	Sandur			Fellur ekki undir viðmið					
23	01111	Hleðslusteinar og fylliefni	Jarðvegðstýling			Fellur ekki undir viðmið					
24	01112	Hleðslusteinar og fylliefni	Gnis			Fellur ekki undir viðmið					
25	01113	Hleðslusteinar og fylliefni	Mót			Fellur ekki undir viðmið					

Mynd 5: Product Matrix

Gildissvið viðmiðanna

Viðmiðin eiga almennt við allar vörur sem verða eftir í byggingum, eftir að framkvæmdum er lokið. Miðað er við að viðmiðin afmarkist við sjálfa bygginguna frá einangrun undir botnplötu og að utandyra klæðningu (sjá mynd 6).



Mynd 6: Kröfur Svansins eiga við allt innan rauða rammans

Þó eru örfáar undantekningar á þessu. Það sem fellur **líka** undir viðmiðin er:

- Frístandandi viðbyggingar (t.d. skjólveggir, sólpallar, sorpgæmslur, bílskúrar).
- Útileikföng og húsgögn úr timbri.
- Kossviður í mótagerð (þó að hann verði ekki eftir í byggingunni).


Skráningarferlið

Best er að athuga alltaf fyrst hvort framleiðandi vörunnar sé tilbúinn að skila inn upplýsingum um vöruna áður en söluaðili gerir það. Ef söluaðili skilar inn gögnum fyrir framleiðanda þarf að skila inn útfylltum viðauka (sem má nálgast í **SCDP** og er skilað þar) frá framleiðanda með sömu spurningum og óskað er eftir fyrir vöruna.

Til að skrá vöru í **SCDP** þarf fyrst að fá aðgang að vörugáttinni, þ.e ef viðkomandi fyrirtæki hefur ekki áður fengið aðgang. Það er gert með því að heimsækja [þessa](#) slóð og fylla út PoA (Power of Attorney). Inni á síðunni er valið **How to get started** > *Get login credentials* > *We have no "competent contact" person yet (Power of Attorney)* > *Power of Attorney form*. Ef fyrirtæki hefur áður fengið aðgang fyrir ákveðinn starfsmann en bæta þarf við aðgangi fyrir annan starfsmann er sama slóðin heimsótt og undir **How to get started** er valið *We have login but need more*.

[Hér](#) má finna leiðbeiningar fyrir umsóknarferlið. [Hér](#) má finna leiðbeiningarnar í myndbandsformi.

Mikilvægt er að passa að velja alltaf viðmiðaflokk fyrir nýbyggingar í **SCDP**, hvort sem verið er að vinna með nýbyggingar eða endurbætur. Þeir eru alltaf merktir með viðmiðanúmerinu (089) (sjá mynd 7).



Mynd 7: Valmöguleikar í SCDP

Yfirflokkarnir eru þrír þegar kemur að skráningum fyrir byggingar, einn fyrir efnavörur, annar fyrir forsmíðaðar einingar/byggingavörur og sá þriðji fyrir aðrar byggingavörur:

- AI0034 Chemical products for Nordic Swan Ecolabelled buildings (089)
- AI0036 Prefabricated construction products for Nordic Swan Ecolabelled buildings (089)
- AI0039 Construction products for Nordic Swan Ecolabelled buildings (089)

Ath: Ef það liggur á að fá staðfest hvort vöruna megi nota eða ekki má senda email á svanurinn(hjá)uos.is með ID númerinu á skráningunni.

Efnislistinn

Í lok hvers verkefnis þarf að skila inn efnislista í **NEP** samkvæmt kröfu O13 í nýbyggingarviðmiðunum. Flestar vörur sem eru notaðar í verkið þurfa að vera á þessum efnislista og því er mikilvægt að vinna að þessum lista jafnt og þétt í gegnum verkið.

Á efnislistanum þurfa að koma fram upplýsingar um:

- Vöruheiti (eins og það kemur fram í **NEP** vefgáttinni undir „lookup“)
- Vörutegund
- Nafn á framleiðanda
- Staðsetning vöru í byggingu þar sem fram kemur gróf lýsing eins og „loft“, „innveggir“, „gluggar“ o.s.frv.
- Til viðbótar er gott að taka fram GTIN númer vörunnar sem er strikamerki hennar í, það kemur í veg fyrir allan misskilning þegar sannreyna á hvort varan sé skráð eða vottuð.

Þegar starfsmaður Svansins fer yfir efnislistann er leitast eftir því að finna sama vöruheiti og nafn á framleiðanda í vörugátt Svansins. Þess vegna er mikilvægt að heitin sem koma fram á efnislistanum séu þau sömu og í **NEP** til þess að efnislistinn í heild sinni sé samþykktur.

Hvaða kröfur þurfa eftirfarandi vörur að uppfylla?

Hér fyrir neðan má finna nánari upplýsingar um hvaða kröfur hver vara þarf að uppfylla, flokkað eftir yfirflokkum. Allar kröfur sem minnst er á í útskýringunum hér að neðan má finna í viðmiðaskjalinu fyrir nýbyggingar (089), en þess má geta að kröfurnar fyrir endurbætur (102) eru sambærilegar en með önnur kröfunúmer. Kröfurnar eru allar skyldukröfur eða O-kröfur eins og þær eru einnig kallaðar, þ.e.a.s. O14, O15, O16, o.s.frv.

Athugið að ef leiðbeiningunum ber ekki saman við textann í viðmiðum um nýbyggingar (089) eða endurbætur (102), þá gildir textinn í viðmiðunum.

Þessar leiðbeiningar eru settar þannig upp að hægt er að leita eftir vöruflokkum, svo er rétta varan fundin í töflu undir þeim flokki. Þeir reitir sem hakað er í gefa til kynna hvaða kröfur varan þarf að uppfylla, þ.e.a.s. hvort það þurfi að skrá hana í vörugátt Svansins (**SCDP**), skrá hana á **efnislistann** eða skila gögnum í **NEP**.

Í ákveðnum tilfellum eiga mismunandi kröfur við um sömu vöru eftir því úr hvaða efni varan er. Ef varan á að vera skráð í **SCDP** þá koma sjálfkrafa upp viðeigandi kröfur þegar tilgreint er úr hverju varan er. **NEP** kröfum skal skilað inn eftir þörfum eftir því úr hvaða efni varan er.

Orðskýringar

EPD (Environmental Product Declaration) – Lífsferilsgreining vöru þar sem búið er að reikna út kolefnisfótspor hennar.

FSC (Forest Stewardship Council) – Vottun á skógrækt þar sem sjálfbærni skógarins og rekjanleiki timbursins er tryggður.

NEP (Nordic Ecolabel Portal) – Vefgátt Svansins sem umsækjendur fá aðgang að til að skila inn gögnum og fletta upp vörum sem leyfðar eru í Svansvottaðar byggingar.

PDS (Product data sheet) – Upplýsingablað vöru.

Product matrix - Excel skjal sem er notað til þess að segja til um hvaða gögnum þarf að skila inn fyrir viðkomandi vöru. Skjalið er skipt upp eftir vöruflokkum og hakað er í þær kröfur sem varan þarf að standast. Fyrir neðan hvern dálk er svo tekið fram hvaða gögnum þarf að skila inn.

PEFC (Program for the Endorsement of Forest Certification) – Vottun á skógrækt þar sem sjálfbærni skógarins og rekjanleiki timbursins er tryggður.

SDS/MSDS (Safety data sheet/material safety data sheet) – Öryggisblað vöru.

SCDP (Supply Chain Declaration Portal) – Vörugátt Svansins sem söluaðilar og framleiðendur fá aðgang að til að senda inn vörur til skráningar.

TDS (Technical data sheet) – Tækniablað vöru.

Bindi- og íblöndunarefni

- **SCDP: Veljið AI0034 Chemical products for Nordic Swan Ecolabelled buildings (089) til að skrá bindi- og íblöndunarefni í SCDP.**
- Efnislisti: Það þarf að skrá vöruna á efnislistann sem er skilað í lok verks.
- O7 (Sement og steypa): Í NEP þarf að skila EPD fyrir a.m.k 90% af allri steypu sem notuð er í verkefnið. Einnig þarf að skila inn upplýsingablaði frá steypuframleiðanda þar sem fram kemur magn sementsgjallsins (e. cement clinker) og staðfestingu á því að sú steypa hafi verið notuð í því magni sem viðmiðin segja til um.

Bindi- og íblöndunarefni	SCDP	Efnislisti	O7
Sement		X	NEP
Kalkvörur	X	X	
Múrhúð	X	X	
Þurrefni	X	X	
Blaufefni	X	X	
Hita- og sýrupolin steypa	X	X	
Flotefni	X	X	
Bindiefni almennt	X	X	

Hleðslusteinar og fylliefni

- Efnislisti: Það þarf að skrá vöruna á efnislistann.
- O7 (Sement og steypa): Í NEP þarf að skila EPD fyrir a.m.k 90% af allri steypu sem notuð er í verkefnið. Einnig þarf að skila inn upplýsingablaði frá steypuframleiðanda þar sem fram kemur magn sementsgjallsins (e. cement clinker) og staðfestingu á því að sú steypa hafi verið notuð í því magni sem viðmiðin segja til um.
- O26 (Bakteríueyðandi yfirborðsmeðhöndlanir): Í NEP þarf umsækjandi/leyfishafi að skila yfirlýsingu þess efnis að ekki verði notast við vörur með bakteríueyðandi yfirborðsmeðhöndlanir í verkefninu (viðauki 9).

Hleðslusteinar og fylliefni	Efnislisti	O7	O26
Hleðslusteinar úr steypu	X	NEP	
Múrsteinn / tígulsteinn	X		
Léttsteypa	X		
Hleðslusteinar úr léttsteypu	X		
Hleðslusteinar	X		
Hleðslubítar	X		
Náttúrusteinn	X		
Glersteinn	X		NEP
Lightweight concrete block	X	NEP	
Lecablock (trademark)	X		
Steypa (í fljótandi formi)	X	NEP	

Plötur

- **SCDP: Veljið AI0039 Construction products for Nordic Swan Ecolabelled buildings (089) til að skrá plötur í SCDP.**
- Efnislisti: Það þarf að skrá vöruna á efnislistann.
- O29 (Tjátegundir með takmarkanir): Í NEP þarf umsækjandi/leyfishafi að skila yfirlýsingu þess efnis að bannaðar trjátegundir séu ekki notaðar í verkefninu (viðauki 10).
- O30 (Rekjanleiki timburs og bambus): Í NEP þarf að skila upplýsingum um nafn hráefnisins (nafn tegundar) og gilt FSC/PEFC skírteini frá öllum milligönguaðilum (framleiðanda, söluaðila o.s.frv.) timbursins/bambusins sem notað er í bygginguna. Einnig þarf að skila annað hvort:
 - Val 1: Samantekt sem sýnir: Heildar magn af timbri/bambus sem var notað og hlutfallið sem er vottað, afrit af reikningum sem staðfesta FSC/PEFC vottunina frá síðasta söluaðila sem staðfestir hlutfallið af vottuðu og endurnýttu hráefni.
 - Val 2: Heildar listi, kvittaður af söluaðila þar sem fram kemur CoC númer, nafn á tegund hráefnisins, tegund vöru, FSC/PEFC kröfur fyrir hverja vöru, hlutfall af vottuðu og endurnýttu hráefni og tilvísun í reikning (reikningsnúmer) vörunnar.

Plötur	SCDP	Efnislisti	O29	O30
Spónn	X	X		NEP
Krossviður	X	X		NEP
Krossviður í mótagerð (þó hann verði ekki eftir í byggingunni)		X	NEP	
Límtré	X	X		NEP
Spónaplötur (chipboard)	X	X		NEP

OSB plötur	X	X		NEP
Lagskiptar plast plötur	X	X		
Sementsplötur	X	X		
MDF	X	X		NEP
Gifspötur, allar tegundir	X	X		
Masonite (Tradename)	X	X		NEP
Aðrar plötur úr gegnheilu timbri, límtré, trefjaplötur (HDF), LD	X	X		NEP
Pappírsbundnar harðplastplötur (HPL)	X	X		
Flaxplötur (Flaxboard)	X	X		
Hljóðvistar plötur	X	X		

Einangrunarefni

- **SCDP: Veljið AI0039 Construction products for Nordic Swan Ecolabelled buildings (089)** til að skrá einangrunarefni í SCDP.
- Efnislisti: Það þarf að skrá vöruna á efnislistann.

Einangrunarefni	SCDP	Efnislisti
Steinull	X	X
Útþanið frauðplast	X	X
Útþanið frauðplast, pressað	X	X
Viðarull	X	X
Frauðplast	X	X
Kantstykki / einangrun	X	X
Einangrunarefni, almennt	X	X

Vatnspétt kerfi/dúkar, límbönd/teip og þéttiborðar

- **SCDP: Veljið AI0039 Construction products for Nordic Swan Ecolabelled buildings (089)** til að skrá öll vatnspétt kerfi/dúka, límbönd/teip og þéttiborða í SCDP (nema fljótandi þéttingar)
- **SCDP: Veljið AI0034 Chemical products for Nordic Swan Ecolabelled buildings (089)** til að skrá vatnspétt kerfi (fljótandi þéttingar) í SCDP.
- Efnislisti: Það þarf að skrá vöruna á efnislistann.

	SCDP	Efnislisti
Undirlag	X	X
Yfirlag (t.d tjörupappi)	X	X
Gúmmídúkur	X	X
Vatnsband (waterbar)	X	X
Plastfilmur	X	X
Teip/límbönd	X	X
Þéttiborði	X	X
Vatnspétt kerfi (þynnur)	X	X
Vatnspétt kerfi (fljótandi þéttingar)	X	X
Gúmmílistar	X	X
Eldvarnar þéttingar, þéttingar fyrir votrymi, þéttingar fyrir pípur	X	X

Bendistál og málmar

- Efnislisti: Það þarf að skrá vöruna á efnislistann.
- O8 (Stál framleiðsla) Í NEP þarf að skila staðfestingu á hlutfalli endurunnins stáls og rekjanleika, lýsingu á endurnotuðum stálpörtum eða staðfestingu á framleiðslu sem lækkar CO₂ (Virgin steel production).
- O9 (Ál framleiðsla): Í NEP þarf að skila staðfestingu á hlutfalli endurunnins stáls, og rekjanleikja eða staðfesting á framleiðslu sem lækkar CO₂.
- O23 (Kopar): Í NEP þarf umsækjandi/leyfishafi að skila yfirlýsingu þess efnis að ekki hafi verið notast við vörur úr kopar í verkefninu (viðauki 7).
Ef á við skal skila inn lýsingu þar sem fram kemur hvar notast er við kopar og í hvaða magni ásamt viðeigandi gögnum, t.d. upplýsingablað vöru o.s.frv.

Bendistál og málmar	Efnislisti	O8	O9	O23
Bendistál, stál og málmar almennt	X			
Stangastál	X	NEP		
Dregarar	X	NEP		
Málmplötur	X	NEP		NEP
Holplötur og iðnaðarrör	X	NEP		
Gataðar og möskvateigðar plötur	X	NEP		
Formeðhöndlað stál og plötur	X	NEP		
Ryðfrítt, sýrupolið stál og plötur	X	NEP		
Málmar	X	NEP	NEP	NEP
Stálprófilar	X	NEP		
Járna mottur	X			
Net úr glertrefjum	X			

Þak- og veggjaglæðingar

- SCDP: Veljið **AI0034 Chemical products for Nordic Swan Ecolabelled buildings (089)** til að skrá asphalt þakplötur í SCDP.
- Efnislisti: Það þarf að skrá vöruna á efnislistann.
- O23 (Kopar): Í NEP þarf umsækjandi/leyfishafi að skila yfirlýsingu þess efnis að ekki hafi verið notast við vörur úr kopar í verkefninu (viðauki *Copper*).
Ef á við skal skila inn lýsingu þar sem fram kemur hvar notast er við kopar og í hvaða magni ásamt viðeigandi gögnum, t.d. upplýsingablað vöru o.s.frv.

Þak- og veggjaglæðningar	SCDP	Efnislisti	O23
Þakflísar, steypa		X	
Þakplötur		X	NEP
Þak yfir verönd/pall		X	NEP
Asfalt þakplötur	X	X	
Þak- og veggjaöryggi		X	
Leir þakflísar		X	

Efnavörur

- SCDP: Veljið **AI0034 Chemical products for Nordic Swan Ecolabelled buildings (089)** til að skrá efnavörur í SCDP.

- Efnislisti: Það þarf að skrá vöruna á efnislistann.

Efnavörur	SCDP	Efnislisti
Íblöndunarefni í steypu		X
Lím	X	X
Fúgumassi	X	X
Asfalt og þéttiefni	X	X
Kítti og sparsl	X	X

Undirgólf

- SCDP: Veljið **AI0039 Construction products for Nordic Swan Ecolabelled buildings (089)** til að skrá undirgólf í SCDP.
- Efnislisti: Það þarf að skrá vöruna á efnislistann.

Undirgólf	SCDP	Efnislisti
Undirgólf	X	X

Timburvörur

- Efnislisti: Það þarf að skrá vöruna á efnislistann.
- O29 (Tjátegundir með takmarkanir): Í NEP þarf umsækjandi/leyfishafi að skila yfirlýsingu þess efnis að bannaðar trjátegundir séu ekki notaðar í verkefninu (viðauki: *Prohibited and restricted tree species*).
- O30 (Rekjanleiki timburs og bambus): Í NEP þarf að skila upplýsingum um nafn hráefnisins (nafn tegundar) og gilt FSC/PEFC skírteini frá öllum milligönguaðilum (framleiðanda, söluaðila o.s.frv.) timbursins/bambusins sem notað er í bygginguna. Einnig þarf að skila annað hvort:
 - Val 1: Samantekt sem sýnir: Heildar magn af timbri/bambus sem var notað og hlutfallið sem er vottað, afrit af reikningum sem staðfesta FSC/PEFC vottunina frá síðasta söluaðila sem staðfestir hlutfallið af vottuðu og endurnýttu hráefni.
 - Val 2: Heildar listi, kvittaður af söluaðila þar sem fram kemur CoC númer, nafn á tegund hráefnisins, tegund vöru, FSC/PEFC kröfur fyrir hverja vöru, hlutfall af vottuðu og endurnýttu hráefni og tilvísun í reikning (reikningsnúmer) vörunnar.

Timburvörur	Efnislisti	O29	O30
Sagaðir staurar	X	NEP	NEP
Heflað timbur	X	NEP	NEP
Undirgólf, samskeytt	X	NEP	NEP
Undirgólf, samskeytt og endasagað	X	NEP	NEP
Heflaðir plankar	X	NEP	NEP
Form og mót	X	NEP	
Lektur	X	NEP	NEP

Álagsflokkað timbur

- Efnislisti: Það þarf að skrá vöruna á efnislistann.

- O29 (TjátegunDIR með takmarkanir): Í NEP þarf umsækjandi/leyfishafi að skila yfirlýsingu þess efnis að bannaðar trjátegunDIR séu ekki notaðar í verkefninu (viðauki 10).
- O30 (Rekjanleiki timburs og bambus): Í NEP þarf að skila upplýsingum um nafn hráefnisins (nafn tegundar) og gilt FSC/PEFC skírteini frá öllum milligönguaðilum (framleiðanda, söluaðila o.s.frv.) timbursins/bambusins sem notað er í bygginguna. Einnig þarf að skila annað hvort:
 - Val 1: Samantekt sem sýnir: Heildar magn af timbri/bambus sem var notað og hlutfallið sem er vottað, afrit af reikningum sem staðfesta FSC/PEFC vottunina frá síðasta söluaðila sem staðfestir hlutfallið af vottuðu og endurnýttu hráefni.
 - Val 2: Heildar listi, kvittaður af söluaðila þar sem fram kemur CoC númer, nafn á tegund hráefnisins, tegund vöru, FSC/PEFC kröfur fyrir hverja vöru, hlutfall af vottuðu og endurnýttu hráefni og tilvísun í reikning (reikningsnúmer) vörunnar.

Álagsflokkur timbur	Efnislisti	O29	O30
Ýmsir gæðaflokkar	X	NEP	NEP
Vinnupallar, timbur		NEP	

Utanhúsklæðningar úr timbri

- SCDP: Veljið **AI0034 Chemical products for Nordic Swan Ecolabelled buildings (089)** til að skrá meðhöndlaðar vatnasklæðningar í SCDP.
- Efnislisti: Það þarf að skrá vöruna á efnislistann.
- O29 (TjátegunDIR með takmarkanir): Í NEP þarf umsækjandi/leyfishafi að skila yfirlýsingu þess efnis að bannaðar trjátegunDIR séu ekki notaðar í verkefninu (viðauki: *Prohibited and restricted tree species*).
- O30 (Rekjanleiki timburs og bambus): Í NEP þarf að skila upplýsingum um nafn hráefnisins (nafn tegundar) og gilt FSC/PEFC skírteini frá öllum milligönguaðilum (framleiðanda, söluaðila o.s.frv.) timbursins/bambusins sem notað er í bygginguna. Einnig þarf að skila annað hvort:
 - Val 1: Samantekt sem sýnir: Heildar magn af timbri/bambus sem var notað og hlutfallið sem er vottað, afrit af reikningum sem staðfesta FSC/PEFC vottunina frá síðasta söluaðila sem staðfestir hlutfallið af vottuðu og endurnýttu hráefni.
 - Val 2: Heildar listi, kvittaður af söluaðila þar sem fram kemur CoC númer, nafn á tegund hráefnisins, tegund vöru, FSC/PEFC kröfur fyrir hverja vöru, hlutfall af vottuðu og endurnýttu hráefni og tilvísun í reikning (reikningsnúmer) vörunnar.

Utanhúsklæðningar úr timbri	SCDP	Efnislisti	O29	O30
Vatnasklæðningar		X	NEP	
Vatnasklæðningar meðhöndlaðar	X	X		NEP

Gagnvarið- og hitameðhöndlað timbur

- SCDP: Veljið **AI0039 Construction products for Nordic Swan Ecolabelled buildings (089)** til að skrá gagnvarið- og/eða hitameðhöndlað timbur í SCDP.
- Efnislisti: Það þarf að skrá vöruna á efnislistann.
- O30 (Rekjanleiki timburs og bambus): Í NEP þarf að skila upplýsingum um nafn hráefnisins (nafn tegundar) og gilt FSC/PEFC skírteini frá öllum milligönguaðilum

(framleiðanda, söluaðila o.s.frv.) timbursins/bambusins sem notað er í bygginguna. Einnig þarf að skila annað hvort:

- Val 1: Samantekt sem sýnir: Heildar magn af timbri/bambus sem var notað og hlutfallið sem er vottað, afrit af reikningum sem staðfesta FSC/PEFC vottunina frá síðasta söluaðila sem staðfestir hlutfallið af vottuðu og endurnýttu hráefni.
- Val 2: Heildar listi, kvittaður af söluaðila þar sem fram kemur CoC númer, nafn á tegund hráefnisins, tegund vöru, FSC/PEFC kröfur fyrir hverja vöru, hlutfall af vottuðu og endurnýttu hráefni og tilvísun í reikning (reikningsnúmer) vörunnar.

Gagnvarið- og hitameðhöndlað timbur	SCDP	Efnislisti	O30
Gagnvarið timbur í gagnvarnarflokki NTR/M	X	X	NEP
Gagnvarið timbur í gagnvarnarflokki NTR/A	X	X	NEP
Gagnvarið timbur í gagnvarnarflokki NTR/AB	X	X	NEP
Gagnvarið timbur í gagnvarnarflokki NTR/B (á bara við glugga)	X		
Eldtefjandi meðhöndlun	X	X	NEP
Hitameðhöndlað timbur	X	X	NEP

Timbur einingar/hlutar

- Efnislisti: Það þarf að skrá vöruna á efnislistann.
- O29 (Tjátegundir með takmarkanir): Í NEP þarf umsækjandi/leyfishafi að skila yfirlýsingu þess efnis að bannaðar trjátegundir séu ekki notaðar í verkefninu (viðauki: *Prohibited and restricted tree species*).
- O30 (Rekjanleiki timburs og bambus): Í NEP þarf að skila upplýsingum um nafn hráefnisins (nafn tegundar) og gilt FSC/PEFC skírteini frá öllum milligönguaðilum (framleiðanda, söluaðila o.s.frv.) timbursins/bambusins sem notað er í bygginguna. Einnig þarf að skila annað hvort:
 - Val 1: Samantekt sem sýnir: Heildar magn af timbri/bambus sem var notað og hlutfallið sem er vottað, afrit af reikningum sem staðfesta FSC/PEFC vottunina frá síðasta söluaðila sem staðfestir hlutfallið af vottuðu og endurnýttu hráefni.
 - Val 2: Heildar listi, kvittaður af söluaðila þar sem fram kemur CoC númer, nafn á tegund hráefnisins, tegund vöru, FSC/PEFC kröfur fyrir hverja vöru, hlutfall af vottuðu og endurnýttu hráefni og tilvísun í reikning (reikningsnúmer) vörunnar.

Timbur einingar/hlutar	Efnislisti	O29	O30
Límtrésbitar	X	NEP	NEP
Límtréssúlur	X	NEP	NEP
Léttar þverslár	X	NEP	NEP
Léttir bitar	X	NEP	NEP
Spónarviður	X	NEP	NEP

Keramikvörur

- SCDP: Veljið **AI0034 Chemical products for Nordic Swan Ecolabelled buildings (089)** til að skrá keramikvörur (lím, kítta og aukabúnað) í SCDP.
- Efnislisti: Það þarf að skrá vöruna á efnislistann.

- O26 (Bakteríueyðandi yfirborðsmeðhöndlanir): Í NEP þarf umsækjandi/leyfishafi að skila yfirlýsingu þess efnis að ekki verði notast við vörur með bakteríueyðandi yfirborðsmeðhöndlanir í verkefninu (viðauki: *Antimicrobial surface treatments*).

Keramíkvörur	SCDP	Efnislisti	O26
Glerjaðar flísar		X	NEP
Lím, kíttri og aukabúnaður	X	X	
Gólf flísar		X	NEP
Mósaík flísar		X	NEP

Gólfefni

- **SCDP: Veljið AI0039 Construction products for Nordic Swan Ecolabelled buildings (089) til að skrá gólfefni í SCDP.**
- Efnislisti: Það þarf að skrá vöruna á efnislistann.
- O30 (Rekjanleiki timburs og bambus): Í NEP þarf að skila upplýsingum um nafn hráefnisins (nafn tegundar) og gilt FSC/PEFC skírteini frá öllum milligönguaðilum (framleiðanda, söluaðila o.s.frv.) timbursins/bambusins sem notað er í bygginguna. Einnig þarf að skila annað hvort:
 - Val 1: Samantekt sem sýnir: Heildar magn af timbri/bambus sem var notað og hlutfallið sem er vottað, afrit af reikningum sem staðfesta FSC/PEFC vottunina frá síðasta söluaðila sem staðfestir hlutfallið af vottuðu og endurnýttu hráefni.
 - Val 2: Heildar listi, kvittaður af söluaðila þar sem fram kemur CoC númer, nafn á tegund hráefnisins, tegund vöru, FSC/PEFC kröfur fyrir hverja vöru, hlutfall af vottuðu og endurnýttu hráefni og tilvísun í reikning (reikningsnúmer) vörunnar.

Gólfefni	SCDP	Efnislisti	O30
Gegnheilt viðargólf - fura og greni	X	X	NEP
Parket	X	X	NEP
Lagskipt gólf	X	X	NEP
Plastgólfefni	X	X	
Linoleum dúkar	X	X	
